

EFTIRLITSSKÝRSLA

Dýrfiskur hf. Dýrafirði



Dags eftirlits	16.7.2014	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Dýrfiskur hf.	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbakka 8, 425 Flateyri	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Arnar Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Brynjar Gunnarsson	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit annars vegar hvað varðar mælingar skv. gr 5.1 í starfsleyfi og hins vegar skil á grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skv. gr. 3.3 í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð vegna mælinga skv. vötkunaráætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Fiskur er í fimm, 90m kvíum í Haukadalsbót, tvær kynslóðir og verður slátrað þar í haust. Ein kynslóð er í Gemlufalli, tvær, 160m kvíar og koma inn fleiri seiði þar á næstu vikum. Starfsleyfið gildir ekki fyrir Gemlufall en fyrirhugað er að sækja um stærra leyfi á svæðinu sem myndi ná yfir bæði Gemlufall og Haukadalsbót.

Rekstraraðili hefur sótt um fleiri leyfi í Öndarfirði, Ísafirði og stækkun í Dýrafirði. Einnig hefur verið sótt um leyfi í Patreksfirði og Tálknfirði og er unnið með Fjarðarlax að umhverfismati á þeim svæðum. Umhverfismat stendur yfir í Arnarfirði og verður einnig sótt um leyfir þar.

Farið var yfir gr. 4.3 í starfsleyfi og bent á möguleikann á umsókn um fækkun eftirlitsferða sé fyrirtækið með staðlað innra eftirlit eða hefur verið frávikalaust í fjögur ár samfleytt. Einnig var farið yfir hvatningarkerfi stofnunarinnar og birtingu vottana á fyrirtækjasíðu rekstraraðila á www.ust.is, sem og viðurkenningu fyrir frávikalaus ár.

Rekstraraðili er með vottun frá Tún og hefur hafið innleiðingu ASC (Aquaculture Stewardship Council) staðalsins. Rekstraraðili hefur gert samning við IMO (International Maritime Organization) um úttekt fyrir ASC vottunina.

Frávik frá

Gr. 3.3 í starfsleyfi

Lýsing á frávikum

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og útstreymisbókhald. Skiladagur er 1. maí ár hvert. Bókhöldunum hafði ekki verið skilað er eftirlit fór fram en rekstraraðili hafði óskað eftir frest til skilanna.

Gr. 1.2 í starfsleyfi og viðaukum 1 og 2 í Kvíar eru staðsettar á Gemlufalli en starfsleyfið gildir ekki fyrir það svæði. Rekstraraðili hyggst sækja um stærra leyfi á svæðinu.

ATHUGASEMDIR

Rekstraraðili hefur ekki gert mælingar á strandsjó skv. lið 2.2 í vötkunaráætlun, en þær ber að gera á 3ja ára fresti. Rekstraraðili gerir ráð fyrir að gera mælingarnar nú í sumar og skv. vötkunaráætlun sér Náttúrustofa Vestfjarða um sýnatökuna og greiningu sýna. Niðurstöður verða síðan sendar eftirlitsaðila. Botnsýnagreining var gerð af NAVE árið 2012 á svæðinu og verða þær niðurstöður notaðar fyrir þann hluta vötkunarinnar.

ANNAÐ


Sýni til greiningar á kopar skv. gr. 5.1 í starfsleyfi hefur verið tekið og sent til Náttúrustofu Vestfjarða. Niðurstöður þeirrar mælingar hafa ekki borist eftirlitsaðila.

Rekstraraðili notar ekki litaðar kvíar í dag. Þvottavél er notuð til að hreinsa kvíarnar og reynist hún vel.

Fóðrað er úr bát og hefur ekki verið byggð upp aðstaða á landi, í nágrenni kvíanna vegna daglegar umhirðu.

Dauðfiskaháfur er í minni kvíunum en lyfta í stærri kvíunum. Allur dauðfiskur er sóttur af Gámaþjónustu Vestfjarða.

Reykjavík, 14.08.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.